

Nd.

403. Tillaga

til þingsályktunar um afnám eða rýmkun innflutningshafta.

Flutningsm.: Magnús Jónsson, Jóhann Jósefsson.

Neðri deild Alþingis beinir því til ríkisstjórnarinnar að létta nú þegar, eða svo fljótt, sem við verður komið, af innflutningshöftum þeim, sem beitt hefir verið undanfarið, eða að öðrum kosti slaka verulega á þeim og framkvæma þau þannig, að ríkissjóður biði sem minnstan halla við þau, og að reynt verði af fremsta megni að spilla ekki atvinnu manna með þeim.

Greinargerð.

Neðri deild hefir ekki viljað fallast á að afnema með öllu lög nr. 1 8. marz 1920 og kippa með því fótunum undan möguleika þess að framkvæma innflutningshöft. En með því hefir ekki verið tekin afstaða til þess, hvort ástæða sé að halda nú áfram innflutningshöftum, eins og högum vorum er komið. Verzlunarjöfnuður hefir verið sérstaklega hagstæður, en ríkissjóður hefir orðið af talsverðum tekjum, sem hann má illa við að missa eins og nú horfir. Og fjöldi manna er nú orðið mjög aðþrengdur af völdum haftanna ofan á aðra örðugleika. Það virðist því liggja beint við að létta nú höftunum af. — Til mála gæti komið að setja í þess stað allháan toll á beinar óþarfavörur, sem gefnar yrðu lausar, að minnsta kosti fyrst um sinn. Myndi það draga úr afleiðingum rýmkunarinnar, en þó tryggja ríkissjóðnum allmiklar tekjur af þessum vörum.